



Fundur í sveitarstjórn

75. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 14. desember 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti gerði tillögu um breytingu á dagskrá. Tillagan feólst í því að bæta við dagskrána nýjum lið *Skoðun nýbygginga íbúða með stofnframlögum til bygginga leiguíbúða*, sem 13. lið á dagskrá, gögn vegna hans voru lögð fram á síðasta fundi, undir lið 17. Númeraröð annarra liða breyttist til samræmis.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 854. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. okt. 2017
- 2) Fundargerð 399. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 1. des. 2017
- 3) Fundargerð 31. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 17. okt. 2017
- 4) Fundargerð 32. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 31. okt. 2017
- 5) Fundargerð 14. fundar hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 13. nóv. 2017
- 6) Fundargerð 15. fundar hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 6. des. 2017
- 7) Fundargerð 7. fundar velferðarnefndar Langanesbyggðar, dags. 11. des. 2017
 - a) Liður 2. Frístundastyrkur, vinnureglur nefndar.
- 8) Fundargerð 29. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags. 22. nóv. 2017
- 9) Innsent erindi: Snorraverkefnið 2018, beiðni um stuðning, dags. 20. nóv. 2017
- 10) Innsent erindi: Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, lokaskýrsla nefndar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2017
- 11) Innsent erindi: Sókn lögmansstofa, málefni Halldórs fiskvinnslu ehf., dags. 6. des. 2017
- 12) Gerð húsnæðisáætlunar, verkefnatillaga KPMG, dags. 5. des. 2017
- 13) Skoðun á nýbyggingu íbúða með stofnframlögum til byggingar leiguíbúða
- 14) Minnisblað um refa- og minkaveiðar í Langanesbyggð, dags. 4. des. 2017



- 15) Byggðakvóti, sérreglur Langanesbyggðar
- 16) Verðskrá fyrir Langaneshafnir 2018, textaskrá og tafla
- 17) Nýbygging leikskóla, aðaluppdrættir og greinargerð hönnunarstjóra
- 18) Útkomuspá og 10 mánaða rekstraryfirlit
- 19) Fjárhagsáætlun 2018 – seinni umræða
- 20) Fundaáætlun sveitarstjórnar 2018
- 21) Skýrsla sveitarstjóra

Fundargerð

- 1. Fundargerð 854. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. nóv. 2017**
Fundargerðin lögð fram.
- 2. Fundargerð 399. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 1. des. 2017**
Fundargerðin lögð fram.
- 3. Fundargerð 31. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 17. okt. 2017**
Fundargerðin lögð fram.
- 4. Fundargerð 32. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 31. okt. 2017**
Fundargerðin lögð fram
- 5. Fundargerð 14. fundar hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 13. nóv. 2017**
Fundargerðin lögð fram.
- 6. Fundargerð 15. fundar hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 6. des. 2017**
Fundargerðin lögð fram.
- 7. Fundargerð 7. fundar velferðarnefndar Langanesbyggðar, dags. 11. des. 2017**
Fundargerðin lögð fram.

Liður 2. Frístundastyrkur, vinnureglur nefndir.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagðar vinnureglur og felur sveitarstjóra að kynna reglur um frístundastyrki og auglýsa eftir verkefnum í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.



8. Fundargerð 29. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 22. nóv. 2017

Fundargerðin lögð fram.

9. Innsent erindi: Snorraverkefnið 2018, beiðni um stuðning, dags. 20. nóv. 2017

Óskað er eftir stuðningi við Snorraverkefnið á árinu 2018. Markmiðið er að efla tengsl afkomenda Íslendinga í Norður Ameríku við Ísland og hvetja unga Vestur-Íslendinga til að varðveita sinn þjóðararf.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn þakkar bréfriturum erindið en sér sér ekki fært að verða við því.

Samþykkt samhljóða.

10. Innsent erindi: Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, lokaskýrsla nefndar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2017

Erindið lagt fram.

11. Innsent erindi: Sókn lögmannsstofa, málefni Halldórs fiskvinnslu ehf., dags. 6. des. 2017

Lagt fram erindi Jóns Jónssonar hrl. hjá Sókn lögmannsstofu fyrir hönd Halldórs fiskvinnslu ehf.

Til máls tók Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson, Reynir Atli Jónsson, Karl Ásberg Steinsson, Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson svaraði framkomnum spurningum. Andsvör veittu: Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska álits lögfræðings sveitarfélagsins og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar. Einnig verði áfram leitað leiða til að finna nýja staðsetningu fyrir þurrkhjalla á Bakkafirði.

Samþykkt samhljóða.

12. Gerð húsnæðisáætlunar, verkefnatillaga KPMG, dags. 5. des. 2017

Lögð fram verkefnatillaga unnin af ráðgjafasviði KPMG um gerð húsnæðisáætlunar sem æskilegt er að sé til staðar ef sækja á um stofnframlag til húsnæðisbygginga. Hlutverk húsnæðisáætlana sveitarfélaga er að draga fram greinargóða mynd af stöðu húsnæðismála í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram hugmynd að áætlun um hvernig sveitarfélagið gæti mögulega komið að og mætt húsnæðisþörf. Húsnæðisáætlun nýtist í framhaldinu við öflun og framsetningu hugmynda gagnvart íbúum, hagsmunaaðilum, stjórnvöldum o.fl.



Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið á láta vinna húsnæðisáætlun. Heimilt er að leggja allt að 1. m.kr. til verkefnisins á næsta ári.

Samþykkt samhljóða.

13. Skoðun á nýbyggingu íbúða með stofnframlögum til byggingar leiguíbúða

Á 74. fundi sveitarstjórnar var lögð fram greining unnin af KPMG er varðar fýsileika þess að sveitarfélagið hafi forgöngu um stofnun leigufélags og þar með aðkomu sveitarfélagsins að byggingu húsnæðis á grundvelli laga um almennar íbúðir og reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir. Greiningin var á umræddum fundi lögð fram til kynningar með það að markmiði að umræður færu fram á þessum fundi.

Til máls tók Elías Pétursson og fór yfir greininguna ásamt og að skýra lagagrundvöll sem eru að baki lögum um almennar íbúðir hvar fram kemur að úrræðinu sé ætlað að þjóna tilteknum hópi fólks innan skilgreindra tekju- og eignamarka.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson sem lagði fram svohljóðandi tillögu:

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samvinnu við skýrsluhöfunda að draga saman helstu niðurstöður skýrslunnar, kynna þær sveitarstjórn á næsta reglubundna fundi og koma þeim síðan á framfæri við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Oddviti gerði fundarhlé kl. 18:03.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:07.

Samþykkt samhljóða.

14. Minnisblað um refa- og minkaveiðar í Langanesbyggð, dags. 4. des. 2017

Minnisblað skrifstofustjóra um refa- og minkaveiðar í Langanesbyggð 2017 lagt fram til kynningar.

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að kr. 2.000.000,- skuli að hámarki varið úr sveitarsjóði til vargeyðingar árið 2018. Til viðbótar koma endurgreiðslur frá ríki sem eru fastákveðnar vegna refaeyðinga, en bundnar við fjölda veiddra dýra, vinnustunda og ekna km. vegna minkaveiða. Sveitarstjóra er falið að yfirfara og samræma samninga við minkaveiðimenn og þannig tryggja hámarks endurgreiðslur frá ríkinu. Einnig er sveitarstjóra falið að kynna veiðimönnum þessa ákvörðun.

Samþykkt samhljóða.

15. Byggðakvóti, sérreglur Langanesbyggðar

Siggeir lýsti yfir vanhæfi sínu vegna þessa liðar. Samþykkt samhljóða.



Lögð eru fram drög að bréfi til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins með sérreglum Langanesbyggðar vegna byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2017/2018. Einnig lagt fram til kynningar umsókn Langanesbyggðar dags. 13. október 2017 og úthlutun ráðuneytisins dags. 21. nóvember 2017. Í bréfi til ráðuneytisins er þess óskað að 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 604/2017 verði breytt á þann veg að orðið sveitarfélag komi í stað byggðarlags. Setningin orðist því á eftirfarandi hátt. *Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.*

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.

Til máls tók Hulda Kristín Baldursdóttir sem lagði fram svohljóðandi tillögu N- og L-lista:

Tillagan felur það í sér að einum staflíð verði bætt inn í 1. gr. reglugerðar, um væri að ræða d. lið sem mundi hljóða svo „Eru dagróðrabátar, það er bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða.“

Umrædd breyting fæli það í sér að úthlutun á byggðakvóta væri bundin því að um væri að ræða dagróðrabát í samræmi við skilgreiningu í 8. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða sem hljóðar svo „*Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða.*“

Tillaga þessu felur það í sér að breyta þarf framlögðu bréfi, kafli sá er um ræðir mundi því hljóma eitthvað á þessa leið...

Óskað er eftir tveimur breytingum á 1. gr. sem felur í sér að bætt verði við einum staflíð, sem orðast svo Eru dagróðrabátar, það er bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða. og að 1. mgr. 6. gr. reglugerðar verði breytt þannig að sveitarfélag komi í stað byggðarlags. *Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.* Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Sveitarstjóra verði falið að móta endanlegan texta og senda ráðuneyti.

Til máls tók: Björn Guðmundur Björnsson.

Karl Ásberg Steinsson óskaði fundarhlé kl. 18:17. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:22.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu N- og L-lista að sérreglum Langanesbyggðar og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu til ráðuneytisins.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Karl Ásberg Steinsson og Björn Guðmundur Björnsson sitja hjá.



16. Frá U-lista: Nýbygging leikskóla (áskorun)

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun (áskorun) U-lista:

U-listinn leggur hér fram undirskriftarlista með áskorun um íbúakosningu er varðar byggingu nýs leikskóla undirritaðan af 30% kjörbærra íbúa. Greinilegt er að íbúar vilja taka þátt í ákvörðuninni um staðsetningu nýs leikskóla og hefðu íbúar Langanesbyggðar þá möguleika á að koma sínum skoðunum á framfæri.

Til máls tók: Hulda Kristín Baldursdóttir. Andsvar: Siggeir Stefánsson.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson. Andsvar: Siggeir Stefánsson.

17. Nýbygging leikskóla, aðaluppdrættir og greinargerð hönnunarstjóra

Fram eru lagðir til kynningar aðaluppdrættir af nýrri leikskólabyggingu, dags. 30.11.2017, um er að ræða lýsingu, afstöðumynd, grunnmynd og útlitsteikningar. Einnig er lögð fram til kynningar greinargerð hönnunarstjóra, dags. 28.11.2017. Framlögð gögn eru nú til skoðunar hjá byggingarfulltrúa sveitarfélagsins sem hefur málið meðferðar.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

18. Verðskrá fyrir Langaneshafnir 2018

Lögð fram verðskrá fyrir Langaneshafnir 2018, textaskrá og tafla. Um er að ræða almenna 3% hækkun verðskrárinnar frá 2017, eins og kynnt var á 73. fundi sveitarstjórnar og breytingar á öðrum verðskrárum sveitarfélagsins. Einnig er lagt til að nýjum lið verði bætt við 14. gr. *Önnur þjónustugjöld: Geymsla á vörubrettum og annarri lausavöru á hafnarsvæði, kr. 153 pr. m².*

Til máls tóku Elías Pétursson, Karl Ásberg Steinsson. Elías Pétursson.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá.

Samþykkt samhljóða.

19. Útkomuspá og 10 mánaða rekstraryfirlit

Elías Pétursson lagði fram útkomuspá byggða á tíu mánaða óendurskoðuðu uppgjöri og tveggja mánaða áætlun. Meginniðurstöður eru þær að afkoma A-hluta sveitarsjóðs stefnir í að verða 5 milljónum betri en áætlun gerði ráð fyrir og að afkoma B-hluta sveitarsjóðs stefnir í að verða 2 milljónum betri en áætlun gerði ráð fyrir. Áætluð afkoma samstæðu verður samkvæmt þessu 7 milljónum betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Til máls tók Björn Guðmundur Björnsson. Elías Pétursson veitti andsvar.



20. Fjárhagsáætlun 2018 – seinni umræða

Fjárhagsáætlun 2018 og þriggja ára áætlun 2019 - 2021 lögð fram. Einnig er lögð fram til skýringar fjárfestingaráætlun 2018 fyrir eignasjóð og deildir.

Þá er lagt fram mat á fjárhagslegum áhrifum nýbyggingar leikskóla á fjárhag Langanesbyggðar, skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga unnið af Hirti B. Halldórssyni og Davíð B. Halldórssyni löggiltum endurskoðendum hjá ENOR. Í álitinu kemur fram að í heild teljist sveitarfélagið í góðri stöðu til að takast á við umrædda framkvæmd og geti tekist á við möguleg frávik frá áætlunum.

Að síðustu er lagt fram minnisblað sveitarstjóra vegna fjárhagsáætlunar 2018 með breytingatillögum N- og L-lista.

Til máls tóku: Elías Pétursson,

Með vísan til minnisblaðs sveitarstjóra leggja fulltrúar N- og L-lista fram svohljóðandi tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun 2018:

1. Spjaldtölvuvæðing: Lagt er til að ráðist verði í spjaldtölvuvæðingu Grunnskólans á Þórshöfn. Keyptar verði spjaldtölvur fyrir nemendur 5. til 10. bekkjar og allra kennara. Einnig verði unnið að fræðslu kennara í möguleikum er varða tölvur, forrit, fjarvinnu og annað sem spjaldtölvunotkun tilheyrir. Lagt er til að kr. 4.000.000,- verði bætt við fjárhagsáætlun grunnskólans 2018 og skólastjóra falið að gera áætlun um innleiðingu. Formleg innleiðing skal hefjast svo fljótt sem verða má, en ekki síðar en haustið 2018.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

2. Úttekt á rekstri fræðslumála í Langanesbyggð: Lagt er til að fagaðili verði fenginn til gera úttekt á rekstri fræðslusviðs og þau tækifæri sem felast í nýjum aðstæðum. Við úttektina verði sérstaklega horft til aukins samstarfs rekstrareininga, tækifæra sem í nýrri tækni felast og bættrar nýtingar á húsnæði. Lagt er til að kr. 700.000 verði bætt við fjárhagsáætlun 2018 vegna verkefnisins.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

3. Hönnun sundlaugarrýmis í íþróttamiðstöðinni Veri: Tillaga er gerð um að á næsta ári verði lokið fullnaðarhönnun þeirra úrbóta sem gera þarf á sundlaugarrými og búnaði tengdum sundlaug og pottum. Við hönnun verði tekið tillit til þeirrar ákvörðunar sveitarstjórnar að varmadæluvæða öll hús á hinni svokölluðu skólatorfu. Lagt er til að kr. 2.000.000,- verði bætt við fjárhagsáætlun 2018 vegna íþróttamiðstöðvarinnar vegna þessa verkefnis. Enn fremur að kostnaður vegna framkvæmda verði settur á áætlun ársins 2019.

Til máls tók: Hulda Kristín Baldursdóttir.



Samþykkt samhljóða.

4. Líkamsræktaraðstaða í íþróttamiðstöð: Lagt er til líkamsræktarsalur í Veri verði endurbættur á árinu 2018, sjá liði 1-3 í áætlun og að núverandi matsalur verði settur undir íþróttaaðstöðu. Einnig er lagt til að tækjakaupum verði skipt upp í áfanga árin 2019 og 2020. Tillaga um áfangaskiptingu verði gerð í samráði við áhugamannahóp um uppbyggingu salarins. Gerð er tillaga um að kr. 2.750.000,- verði bætt við fjárhagsáætlun 2018 vegna Vers til þessara endurbóta.

Til máls tók: Hulda Kristín Baldursdóttir.

Samþykkt samhljóða.

5. Naust, endurbætur á húsnæði: Lagt er til að heimilað verði að hanna og breyta þremur herbergjum á Nausti, í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, þannig þau verði útbúin með sérsalerni og baðaðstöðu. Áætlaður kostnaður við hönnun og breytingar er kr. 15.000.000,- sem lagt er til að bætt verði við fjárhagsáætlun Nausts fyrir árið 2018.

Til máls tóku: Hulda Kristín Baldursdóttir, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

6. Naust, stækkun: Lagt er til að hafin verði vinna við þarfagreiningu og frumhönnun á stækkun húsnæði Nausts. Í framhaldinu verði leitað til ríkisins um greiðslu kostnaðar. Gerð er tillaga um kr. 1.500.000,- til þessa verkefnis í fjárhagsáætlun ársins 2018.

Til máls tók: Þorsteinn Vilberg Þórisson.

Samþykkt samhljóða.

7. Gönguleiðir á Bakkafirði og Þórshöfn: Lagt er til að á árinu 2018 verði gerður göngustígur frá Sunnuvegi að Hálsvegi og útivistar-/reiðstígur frá veginum um Brekknaheiði ofan við þorpið að veginum út á flugvöll verði lagfærður. Sömu leiðis er lagt til að á árinu verði gerð heildstæð áætlun um stígagerð í báðum byggðakjörnum, hún kostnaðarmetin og áfangaskipt í tíma. Áætluðum kostnaði, kr. 5.000.000,- verði bætt við fjárhagsáætlun 2018 vegna þessa liðar.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

8. Baðströnd neðan við Hafliðabúð: Lagt er til að á árinu 2018 verði hönnuð framtíðar útivistaraðstaða neðan við Hafliðabúð. Einnig verði, byggt á umræddri hönnun, gert malarplan neðan við Hafliðabúð og gönguleið niður í fjöru, plan og gönguleið skulu unnin þannig að hægt sé að helluleggja svæðið síðar eða smíða pall út timbri. Miða skal við að til verksins, þ.m.t. hönnunar verði veitt kr. 1.000.000,- og þeirri upphæð verði bætt við fjárhagsáætlun 2018.

Til máls tók: Þorsteinn Vilberg Þórisson.



Samþykkt samhljóða.

9. Hesthúsahverfi: Lagt er til að kr. 2.700.000,- verði bætt við fjárhagsáætlun 2018 til að vinna deiliskipulag og auglýsa fyrir hesthúsahverfi í Langanesbyggð.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

10. Þjónustumiðstöð: Lagt er til að faglegur ráðgjafi verði fenginn til skoða hvernig hægt væri að skipuleggja starfsemi áhaldahúss, hafna og jafnvel slökkviliðs með það að markmiði að bæta þjónustu, bæta nýtingu starfsmanna og mögulega draga úr kostnaði. Einnig að áætlunum kostnaði, kr. 750.000,- verði bætt við fjárhagsáætlun 2018.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

11. Starfsumhverfi kjörinna fulltrúa: Lagt er til að kr. 750.000 verði varið til endurskoðunar á skipulagi og verkefnum nefnda sveitarfélagsins, starfskjörum og siðareglum sveitarstjórnarmanna. Þessari upphæð verði bætt við fjárhagsáætlun 2018.

Til máls tóku: Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson. Andsvar: Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhlé kl. 19:13.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:17.

Fjárhagsáætlun 2018, þriggja ára áætlun 2019-2021:

Til máls tók Elías Pétursson og fór yfir fjárhagsáætlun 2018 og 3ja ára áætlun 2019-2021 samhlíða. Eftir áorðnar breytingar á fjárhagsáætlun 2018 verða tekjur um 883 m.kr. og gjöld rúmar 732 m.kr. Alls verða því um 103 m.kr. í afgang af sameiginlegri rekstrarniðurstöðu A- og B-hluta, sem nemur um 17% af tekjum. Fjármagnskostnaður er áætlaður um 47,5 m.kr. eða sem nemur um 5% af tekjum. Rekstrarniðurstöður með fjármagnsliðum verða því um 103 m.kr. eða 12% af tekjum. Áætlað er að rekstrarniðurstöður verði jákvæðar, um 43 m.kr. á þessu ári, en þær voru 41 m.kr. árið 2016. Afkoma samstæðunnar heldur því áfram að batna. Gert er ráð fyrir um 12 m.kr. hærri skatttekjum og um 35 m.kr. hækkun annarra tekna, en lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði. Launakostnaður á einnig lækka, eins annar rekstrarkostnaður og afskriftir breytast lítið.

Þriggja ára áætlun 2019-2021: Hún gerir ráð fyrir hækkun tekna um 110 m.kr. á tímabilinu og hækkun gjalda um 14 m.kr. Skv. áætluninni fer jákvæð rekstrarniðurstæða úr um 103 m.kr. á næsta ári í tæpar 130 m.kr. árið 2021. Þótt skuldir hækki á næsta ári, úr um 676 m.kr. í lok þessa árs í um 762 m.kr. í lok næsta árs vegna framkvæmda við nýjan leikskóla,



er gert ráð fyrir því að þær verði komnar niður í um 540 m.kr. í árslok 2021. Áætlað er að veltufjárhlutfall hækki úr 0,94 í 1,72 á tímabilinu og eiginfjárhlutfall úr 0,47 í 0,66.

Umræður um fjárhagsáætlun 2018 og 3ja ára áætlun 2019-2021.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, sem lagði svohljóðandi bókun: U-listinn fagnar bættum rekstri sveitarfélagsins. Tekjur sveitarfélagsins hafa aukist gríðarlega á síðustu 3 árum ásamt töluverðri verðhjöðnun á sama tíma. Nú er tækifæri sem sjaldan hefur gefist áður, nú er hægt að fara í þarfar framkvæmdir og fjárfestingar sem setið hafa á hakanum síðustu ár en afar mikilvægt að sofna ekki á verðinum í að ná frekari hægræðingum í rekstri sveitarfélagsins og greiða niður lán.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson. Andsvör: Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Fjárhagsáætlun 2018 er samþykkt með áorðnum breytingum.

Samþykkt samhljóða.

Bókun um afgreiðslu: Þriggja ára áætlun, 2019-2021, er samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

21. Fundaáætlun sveitarstjórnar 2018

Tillaga að fundum sveitarstjórnar árið 2018 lögð fram. Skv. áætluninni, verður fyrsti fundur á nýju ári fimmtudaginn 25. janúar nk. og á þriggja vikna fresti eftir það. Lagt er til að sumarleyfi sveitarstjórnar verði eftir fund 21. júní fram að fundi 23. ágúst nk.

Til máls tók: Elías Pétursson

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagða áætlun.

Samþykkt samhljóða.

22. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau helstu mál sem í gangi hafa verið og ekki er getið hér að ofan.

Framkvæmdum við eldhús í Þórsveri miðar vel áfram. Endurgerð á gólfi er lokið og málingarvinnu og viðgerðum á veggjum lýkur í næstu viku. Þegar skóla lýkur nú fyrir jól verður hafist handa við flutning á búnaði úr eldhúsi í Veri í Þórsver og uppsetningu innréttinga. Nýtt mötuneyti í Þórsveri á því að geta tekið til starfa í byrjun næsta skólaárs.

Vegna nýrra laga um opinber innkaup þá hefur sveitarstjóri leitað álits lögfræðings á þörf fyrir endurskoðun innkaupareglna Langanesbyggðar. Niðurstaða þeirrar skoðunar er að núverandi reglur séu úreltar og þarfnist endurskoðunar. Verið er að setja þá vinnu í gang.

Miðvikudaginn 6. desember sl. var tekin fyrsta skóflustunga að nýjum leikskóla í Langanesbyggð við hliðina á núverandi húsnæði Barnabóls. Það var Edda Jóhannsdóttir sem starfaði lengi við skólann ásamt börnum við skólann sem tóku fyrstu skóflustungu að



viðstöddu fjölmenni. Að lokinni athöfn við leikskólann, var gestum boðið upp á pizza-veislu á Bárinni.

Föstudaginn 1. desember sl. var grænfánanum flaggað við leikskólann. Þetta er í 3ja sinn sem leikskólinn hlýtur þessa viðurkenningu Landverndar og það var Almar Marinósson náttúrufræðileiðbeinandi við Grunnskólann sem afhenti fánann að þessu sinni.

Um síðustu helgi bauð sveitarfélagið starfsfólki til jólahlaðborðs, atburðurinn tókst með miklum ágætum og varð úr ákaflega skemmtileg stund.

Að lokum óskaði sveitarstjóri kjörnum fulltrúum gleðilegra jóla og þakkaði samstarfið á árinu sem er að líða.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson. Andsvar: Elías Pétursson.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:14.